

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

*Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk*, undirskrifuð af forsetanum 22. júlí 1949, nr. 88.

*Auglýsing varðandi ferðalög milli Íslands og Saar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. ágúst 1949, nr. 89.

*Auglýsing um samning milli Íslands og alþjóðafflugmálastofnunarinnar varðandi flugþjónustu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. maí 1949, nr. 90.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis*, undirskrifuð af forsetanum 21. september 1949, nr. 91.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi*, undirskrifuð af forsetanum 21. september 1949, nr. 92.

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár*, undirskrifuð af forsetanum 4. ágúst 1949, nr. 93.

*Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Hollands*, undirskrifuð af forsetanum 21. september 1949, nr. 94.

*Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings um ráðstafanir gegn hóp morðum*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. september 1949, nr. 95.

*Auglýsing um fullgildingu Norður-Atlantshafssamningsins*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 11. október 1949, nr. 96.

*Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942*, undirskrifuð af skrifstofustjóra menntamálaráðuneytisins 21. september 1949, nr. 97.

### Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um flutning þingstaðar. 149

26. sept.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 19. þ. m., og ósk hreppsnefndarinnar í Andakílshreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Hvítárvöllum að félagsheimilinu Brún í landi jarðarinnar Varmalækjar, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

### Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar. 150

27. sept.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 20. þ. m., og ósk hreppsnefndar Kjósarhrepps veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Reynivöllum í barnaskólahúsið Ásgarð í Kjós, enda annist hreppsnefndin að jafnaði verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.